

Samráðsgátt stjórnvalda

Mál nr. 26/2020. Tillaga um að færa námslok félagsliða af hæfniprepi 2 á hæfniprep 3

Kvasir samtök fræðslumiðstöðva, kt: 510302-3890 gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreitt mál:

Kvasir gera kröfu um tvennskonar fyrirvara, sem tengjast neðangreindri tilvitnun úr tillögu ráðuneytisins í samráðsgáttinni.

„Ef breytingin verður samþykkt mun ný námsbrautalýsing vera unnin innan framhaldsskólakerfisins. Jafnframt verður unnin starfstengd námskrá innan framhaldsfræðslukerfisins sem mun gilda inn í nám félagsliða í framhaldsskólum. Fulltrúar beggja kerfa munu skoða hvaða hæfnipættir á námsbraut félagsliða falla að hlutverki framhaldsfræðslunnar. Í framhaldi verður gerð yfirlýsing um einingamat milli námsleiða fyrir verðandi félagsliða innan framhaldsfræðslu og í framhaldsskóla.“

a) Fræðslumiðstöðvar í framhaldsfræðslunni þurfa að fá raunhæfan og sanngjarnan undirbúningstíma til að aðlaga þjónustuna nýjum aðstæðum.

Ljóst er á texta ráðuneytisins að ný námskrá fyrir félagsliða er ætlað að verða til í framhaldsskólakerfinu og að jafnframt verði útbúin námsleið í framhaldsfræðslunni. Borgarholtsskóli hefur þegar skrifað slíka námskrá og ef hlutirnir ganga vel fyrir sig, þ.e. ákvörðun ráðuneytis liggja fyrir í mars og staðfesting menntamálastofnunar á námskránni í apríl/maí ætti kennsla hafist samkvæmt henni haustið 2020 í Borgarhólsskóla. Þá á framhaldsfræðslan (samkvæmt ofangreindum texta) eftir að útfæra starfstengda námskrá og framhaldsskólinn og framhaldsfræðslan eftir að sannmælast um yfirlýsingu um einingamat. Ljóst er að ekki næst að gera það yfir sumartímann og því er tímaramminn of knappur til að framhaldsfræðslan geti hafið nám á nýrri námskrá haustið 2020. Í raun er tíminn einnig of knappur fyrir aðra framhaldsskóla en Borgarholtsskóla til að skoða nýja námskrá og sækja um til ráðuneytis að fá að kenna námið.

Á fundum í aðdraganda þessara breytinga komu fulltrúar framhaldsfræðslunnar því ítrekað til skila að ekki væri hægt að ætla framhaldsfræðslunni að geta farið að kenna eftir nýrri námskrá haustið 2020. Undir þetta sjónarmið var m.a. tekið í fundargerð af fundi hagsmunaaðila (þar með taldir Menntamálaráðuneytið og Menntamálastofnun) þann 13. desember í Menntamálastofnun með eftirfarandi bókun:

„4. liður. Tímalínan, sem sett var upp á fundinum er ekki raunhæf hvað námskrá framhaldsfræðslu varðar, gera má ráð fyrir að í fyrsta lagi árið 2021 liggja fyrir námskrá.“

Tillaga ráðuneytis felur sannarlega í sér að bæði framhaldsskóli og framhaldsfræðsla komi til með að sinna kennslu í nýju félagsliðanámi. Í því ljósi og með skírskotun í góða stjórnsluhætti þurfa báðir aðilar raunhæfan undirbúningstíma. Verði tímaramminn settur þannig að kennsla samkvæmt nýrri námskrá hefjist haustið 2020 geta aðeins þeir tveir framhaldsskólar sem nú eru með nám fyrir félagsliða innritað nemendur. Aðrir framhaldsskólar munu ekki hafa getað kynnt sér og undirbúið námið í tíma og því ekki farið af stað með námið. Framhaldsfræðslan mun að öllum líkindum ekki vera tilbúin með námskrá haustið 2020 og ekki getað innritað nemendur samkvæmt henni. Verði öllum fræðsluaðilum ekki gefin raunhæfur og sanngjarn undirbúningstími vegna breytingana getur eftirfarandi staða komið upp:

1. Fræðsluaðilar í framhaldsfræðslu, sem hafa boðið upp á félagsliðanám, geta að öllum líkindum ekki kennt námið haustið 2020 samkvæmt nýrri námskrá. Þeir verða því af hugsanlegum tekjum, undirbúningur er unninn fyrir gíg og áætlanir í uppnámi.
2. Fjölmargir nemendur um allt land eiga í kjölfarið ekki lengur kost á félagsliðanámi í sinni heimabyggð haustið 2020, þar sem hvorki framhaldsfræðsluaðilar né framhaldsskólar, sem ekki hafa verið með námið undanfarið, verða tilbúnir með námið.

Tillagan gerir ekki ráð fyrir því að það taki framhaldsfræðsluna lengri tíma en framhaldskólann að vera tilbúna með nám samkvæmt boðuðum breytingum þótt slík staða blasi við eins og að framan hefur verið lýst. Ráðuneytið þarf því samkvæmt góðum stjórnsýsluháttum og í samræmi við áður nefnda (eigin) bókun af fundi hagsmunaaðila, að ætla þeim aðilum lengri tíma til undirbúnings. Að öðru leiti verður vart séð annað en að um íþyngjandi ákvörðun sé að ræða af hálfu ráðuneytisins gagnvart framhaldsfræðsluaðilum.

b) Koma þarf í veg fyrir óvissuástand og aukaverkanir sem fylgja framkvæmd framhaldsfræðslunnar á kennslu á nýrri námskrá.

Með nýrri námskrá sem lýkur á þriðja hæfniprepi, (framhaldsfræðslan hefur hingað til aðeins annast fræðslu sem lýkur á öðru hæfniprepi), breytist framkvæmd og hlutdeild framhaldsfræðslunnar í námi félagsliða. Ný námskrá mun því að öllum líkindum setja verðandi námsmenn framhaldsfræðslunnar vítt og breitt á landsbyggðinni í verulega óvissu.

- a) Hversu stóran hluta námsins getur námsmaður framhaldsfræðslunnar tekið í gegnum símenntunarstöðvar í sínu héraði ?
- b) Mun nám í félagsliða sem lýkur í símenntunarmiðstöð ekki hafa nein formleg lok?
- c) Hvar og hvernig koma félagliðanemar vítt og breitt um landið til með að ljúka námi ef símenntunarstöðin getur ekki útskrifað nemendur af þriðja hæfniprepi?
- d) Þurfa t.d. nemendur í félagliðanámi á Akureyri að skrá sig í Borgarholtsskóla í Reykjavík til að ljúka námi í félagliða, þar sem engir skólar á Norðurlandi eru með námið ? Þessi óvissa á líka við um aðra landsfjórðunga.
- e) Hingað til hafa framhaldsskólar um allt land sýnt félagsliðanámi engan áhuga og aðeins Borgarholtsskóli sinnt þessari kennslu í miklum mæli. Er líklegra eftir þessa breytingu að framhaldsskólar um allt land sækji um það til ráuneytis að setja upp nám fyrir félagsliða ?

Ljóst er af ofangreindu að óvissan sem skapast með breytingunni er mikil hvað varðar félagsliðanám á landsvísu og ekki síst í gegnum framhaldsfræðsluna. Breytingin leiðir af sér eftirfarandi stöðu:

1. Eftir breytinguna verður fólki á landsbyggðinni gert erfiðara að sækja sér fullgilt félagsliðanám og takmarkar því breytingin tækifæri þess til náms. Mjög ólíklegt er að framhaldsskólar úti á landi taki skyndilega upp á að bjóða brúarnám til félagsliða sem fólk getur tekið með vinnu á kvöldin. Breytingin felur því sér að mismunun milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar eykst hvað varðar framboð af námi.
2. Óvissa um framkvæmd félagsliðanáms í gegnum framhaldsfræðsluna svo og skert tækifæri fólks á landsbyggðinni til að ljúka námi í héraði leiðir að öllum líkindum til þess til þess að færri nemendur en áður muni hefja félagsliðanám og því muni útskrifuðum félagsliðum fækka. Sérstaklega á landsbyggðinni.

Ofangreind staða leiðir í ljós að alavarlegar aukaverkanir munu fylgja framkvæmd á breyttri námskrá félagsliða. Mikilvægt er því að ráðuneytið hafi forgöngu um að gengið verði frá lausum endum hvað varðar framkvæmd framhaldsfræðslunnar á námi félagsliða áður en farið verður af stað með nýja námskrá. Að öðrum kosti kann ákvörðun ráðuneytisins um nýja námskrá að hafa í för með sér þær neikvæðu og hamlandi afleiðingar eins og áður hefur verið lýst; þ.e. skert tækfæri til náms og fækkum útskrifaðra félagsliða á landsbyggðinni.

Stjórn Kvasis

Bryndís Kristín Þráinsdóttir

Eyjólfur Sturlaugsson

Vigdís Þyrí Ásmundsdóttir